

Persónuvernd
b.t. Helgu Sigríðar Þórhallsdóttur
Rauðarárstíg 10,
105 Reykjavík

Reykjavík, 16. ágúst 2019.

Efni: Um yfirstandandi endurskoðun á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Gildandi reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar tóku gildi við samþykkt í borgarráði 29. október 2009. Í 5. gr. reglnanna kemur fram að yfirfara skuli reglurnar og endurskoða þær eftir þörfum a.m.k. árlega. Forsætisnefnd hefur yfirfarið reglurnar árlega og en ekki hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun fyrr en nú.

Tímabært var talið að fram færi endurskoðun á reglunum, samhliða endurskoðun á siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðuðum reglum hefur ákvæðum um það til hverra reglurnar taka m.t.t. fjölgunar borgarfulltrúa og breytinga á kjörgengisskilyrðum í ráð og nefndir. Jafnframt hefur kafli um það hvaða fjárhagslega hagsmuni skuli skrá og hvort heimilt sé að skrá ítarlegri upplýsingar en þar kemur fram verið yfirfarinn. Að öðru leyti hafa nýlegar breytingar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna alþingismanna sem og ábendingar fjármálaskrifstofu og innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar.

Á fundi forsætisnefndar 31. maí sl. var samþykkt að óska eftir ráðgjöf Persónuverndar vegna draga að endurskoðuðum reglum sem lagðar voru fram á fundinum með vísan til 2. tl. 43. gr. laga nr. 90/2018. Eftir nánari yfirferð reglnanna með persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar voru gerðar minniháttar breytingar á þeim en sú útgáfa fylgir erindi þessu. Breytingarnar snúa að lagfæringu orðalags þannig að það sé ljóst að um valkvæða skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa á grundvelli samþykki hins skráða samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 sé að ræða.

Athygli er vakin á því að þrátt fyrir að reglurnar hafi verið teknar til umræðu í borgarstjórn eru þær enn í fullri vinnslu á vettvangi borgarráðs og forsætisnefndar og eru allar ábendingar um það sem betur má fara, vel þagnar.

Allar nánari upplýsingar veitir undirrituð góðfúslega.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavíkurborg – Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara
B.t. Helgu Bjarkar Laxdal
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 14. ágúst 2019

Tilvísun: 2019061211/HSP

Efni: Um fyrirhugaða endurskoðun á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík

1.

Erindi Reykjavíkurborgar

Með bréfi, dags. 7. júní 2019, fór skrifstofa borgarstjórnar Reykjavíkurborgar þess á leit við Persónuvernd að stofnunin veitti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 36. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar (ESB) 2016/679, vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík. Í bréfinu segir að af hálfu Reykjavíkurborgar hafi farið fram mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar og að Reykjavíkurborg hafi ekki tök á að grípa til frekari aðgerða til að takmarka áhættu, í ljósi óvissu af hálfu hinna skráðu um lögmæti fyrirhugaðra vinnsluáðgerða. Með bréfinu fylgdi umrætt mat á áhrifum á persónuvernd.

Í matinu kemur fram að fyrirbyggjandi drög að endurskoðuðum reglum byggji að meginstefnu til á gildandi reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings sem samþykktar hafi verið í forsætisnefnd Alþingis í janúar á þessu ári og sem settar hafi verið með stoð í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis. Samkvæmt reglunum skuli borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar meðal annars skrá fjárhagslega hagsmuni sína og upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf, óháð því hvort þessi störf séu launuð eða ekki.

Að því er varðar vinnsluheimildir kemur fram að skrifstofa borgarstjórnar telji að byggja megi hagsmunaskráninguna annars vegar á samþykki hinna skráðu, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, og hins vegar á því að um sé að ræða verk sem sé nauðsynlegt í þágu almannahagsmuna, sbr. 5. tölul. sömu greinar. Þá verði, að mati skrifstofu borgarstjórnar, talið að vinnslu persónuupplýsinga sem leiða megi af reglum um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa megi almennt telja í samræmi við meginreglur 8. gr. laga nr. 90/2018. Ekki verði talin þörf á sérstöku áhættumati að því er varði tæknilega hluta vinnslunnar. Skrifstofa borgarstjórnar telji helstu áhættuna við vinnsluna felast í hugsanlegum skorti á lögmæti hennar með tilliti til meginreglna og vinnsluheimilda persónuverndarlaga. Fulltrúar hinna skráðu telji verulega hættu á að lagastoð skorti, og telji skrifstofa borgarstjórnar fullvíst að kvartað verði til Persónuverndar komi vinnslan til framkvæmda.



2.

Ekki þörf á fyrirframsamráði

Í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2018 er kveðið á um í hvaða tilvikum gera þarf mat á áhrifum á persónuvernd. Fram kemur að ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt sé nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, skuli ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefjist samkvæmt nánari fyrirráðum 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

Ef mat á áhrifum á persónuvernd gefur til kynna að líklegt sé að vinnsla myndi hafa mikla áhættu í för með sér, nema ábyrgðaraðili grípi til ráðstafana til að draga úr henni, skal ábyrgðaraðili hafa samráð við Persónuvernd áður en vinnsla hefist, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2018. Af því leiðir að ekki kemur til fyrirframsamráðs við Persónuvernd nema um sé að ræða vinnslu sem er þess eðlis að ábyrgðaraðili þurfi að láta fara fram mat á áhrifum hennar á vernd persónuupplýsinga í samræmi við 29. gr. laganna.

Af orðalagi 1. mgr. 29. gr. laga nr. 90/2018 verður ráðið að almennt sé það vinnsla sem telja megi óvenju víðtæka eða fela í sér tæknileg nýmæli sem ekki megi hefjast nema að undangengnu mati á áhrifum á persónuvernd. Af því leiðir jafnframt að einkum er það slík vinnsla sem krefst fyrirframsamráðs. Að mati Persónuverndar verður einföld skráning einstaklings á eigin fjárhagsupplýsingum og upplýsingum um trúnaðarstörf, líkt og hér um ræðir, ekki talin geta falið í sér mikla áhættu fyrir réttindi eða frelsi hlutaðeigandi einstaklings, jafnvel þó að sú skráning fari fram með rafrænum hætti. Hið sama gildir um birtingu slíkra upplýsinga.

Í ljósi framangreinds telur Persónuvernd ekki þörf á fyrirframsamráði við stofnunina vegna vinnslunnar, sbr. 30. gr. laga nr. 90/2018, enda ekki um að ræða vinnslu sem krefst þess að fram fari mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 29. gr. laganna. Jafnframt er hins vegar ljóst að óháð því hvort fyrirframsamráðs samkvæmt því ákvæði sé þörf er ávallt unnt að leita álits Persónuverndar á fyrirhugaðri vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 2. tölul. 43. gr. laganna. Þá telur stofnunin rétt að veita almennar leiðbeiningar um tiltekin atriði í tengslum við fyrirhugaða vinnslu eins og henni er lýst í erindi skrifstofu borgarstjórnar Reykjavíkurborgar.

3.

Heimild til vinnslu persónuupplýsinga - lagastöð

Líkt og að framan greinir telur skrifstofa borgarstjórnar Reykjavíkurborgar unnt að byggja hagsmunaskráningu borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa á samþykki hinna skráðu, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, í þágu þeirra markmiða sem búa að baki skráningunni. Henni sé ætlað að auka gagnsæi með allri stjórnslu, auk þess sem hún sé talin efla traust almennings á æðstu valdastofnunum þjóðfélagsins og stjórnslunni.

Í 10. gr. laga nr. 90/2018 er nánar fjallað um skilyrði fyrir samþykki. Í 1. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að þegar vinnsla er byggð á samþykki skuli ábyrgðaraðili geta sýnt fram á að skráður einstaklingur hafi samþykkt vinnslu persónuupplýsinga sinna samkvæmt nánari skilyrðum 7. og 8. gr. laganna. Í athugasemdum með 10. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 90/2018, er í þessu sambandi vísað



til 42. liðar formála reglugerðar (ESB) 2016/679. Þar kemur fram að samþykki skal ekki teljast hafa verið veitt af fúsum og frjálsum vilja ef hinn skráði hefur ekki raunverulegt eða frjálst val eða getur ekki neitað að veita eða dregið það til baka án þess að verða fyrir tjóni.

Í fyrirbyggjandi drögum að endurskoðuðum reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar er kveðið á um skyldu borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa til að gera opinberlega grein fyrir þessum hagsmunum sínum. Jafnframt er kveðið á um skyldu þessara aðila til að viðhalda skráningunni, sem og skyldu skrifstofu borgarstjórnar til að minna borgarfulltrúa á að sinna og viðhalda skráningu hagsmuna sinna. Loks er gert ráð fyrir að unnt sé að beina erindum vegna meintrar vanrækslu borgarfulltrúa á að skrá hagsmuni sína samkvæmt reglunum til forsætisnefndar Reykjavíkurborgar. Að því er varðar síðasta atriðið kemur fram í erindi skrifstofu borgarstjórnar að forsætisnefnd hafi ekki valdheimildir til að taka ákvörðun um viðurlög af neinu tagi umfram áminningu, verði borgarfulltrúi ekki við ábendingum um hagsmunaskráningu.

Þegar litið er til skilgreiningar persónuverndarlaga á samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga, einkum þess að samþykki telst ekki veitt af fúsum og frjálsum vilja ef hinn skráði hefur ekki raunverulegt eða frjálst val, er það mat Persónuverndar að ekki sé unnt að byggja vinnslu á samþykki hins skráða miðað við núverandi orðalag umræddra reglna. Þar er gert ráð fyrir skyldu borgarfulltrúa til að skrá nánar tiltekna upplýsingar án þess að þeir hafi nokkurt val þar um. Aukinheldur er í reglunum kveðið á um úrræði vegna vanrækslu borgarfulltrúa á að skrá hagsmuni sína í samræmi við reglurnar.

Kemur þá til skoðunar hvort umrædd vinnsla geti byggt á öðrum þeim heimildum sem Reykjavíkurborg vísar til í erindi sínu, einkum því að vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem nauðsynlegt sé í þágu almannahagsmuna, sbr. 5. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018 og e-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, að því gefnu að farið sé að grunnreglum 8. gr. laganna. Sérstaklega þyrfti að gæta þess að persónuupplýsingar væru unnar með lögmatum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða, sbr. 1. tölul. 1. mgr. þeirrar greinar, og að þær væru nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, sbr. 3. tölul. sömu málsgreinar. Er það mat Persónuverndar að sanngirniss- og gagnsæiskröfur geti verið uppfylltar þegar um ræðir reglur um hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa, sé fullnægjandi fræðsla veitt um tilgang reglnanna og markmið.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skal mæla fyrir um grundvöll vinnslu, sem um getur í c- og e-lið 1. mgr. ákvæðisins, í lögum Sambandsins eða lögum aðildarríkis sem ábyrgðaraðili heyrir undir. Af því leiðir að skýra lagaheimild þarf til vinnslu persónuupplýsinga sem byggir á því að hún sé nauðsynleg vegna verks sem nauðsynlegt er í þágu almannahagsmuna. Reglugerð (ESB) 2016/679 gerir þó ekki kröfu um að sett verði sérstök lög um hverja einstaka vinnslu, sbr. 45. grein formálsorða reglugerðarinnar, heldur kann að vera nægilegt að hafa lög sem grundvöll fyrir ýmsum vinnsluáðgerðum þegar vinnslan er nauðsynleg vegna verkefnis sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds. Ekki verður hins vegar séð að reglur um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar byggji á heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eða öðrum lagabálkum, enda enga slíka tilvísun að finna í reglunum. Til samanburðar má benda á að reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings styðjast við heimild í 1. mgr. 87. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis.

Í ljósi alls framangreinds er það mat Persónuverndar að sú vinnsla persónuupplýsinga, sem reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík gera ráð fyrir, styðjist að óbreyttu ekki við fullnægjandi heimild í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Engu að síður skal tekið fram að Persónuvernd telur ekkert því til fyrirstöðu að bjóða upp á valkvæða skráningu



fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa, en slík skráning gæti farið fram á grundvelli samþykkis hins skráða, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. cinnig a-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

4.

Niðurstaða

Persónuvernd telur ekki þörf á fyrirframsamráði við stofnunina vegna endurskoðunar reglna um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar.

Persónuvernd telur umræddar reglur í núverandi mynd, og þá vinnslu persónuupplýsinga sem þær mæla fyrir um, ekki styðjast við fullnægjandi heimild í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

F.h. Persónuverndar,


Helga Þórsdóttir


Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Afrit: Persónuverndarfulltrúi Reykjavíkurborgar, Dagbjört Hákonardóttir.



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 7. júní 2019
R19060069

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Ósk um fyrirframsamráð í kjölfar mats á áhrifum á persónuvernd

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur farið fram mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679, sbr. 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 vegna fyrirhugaðrar reglusetningar um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík. Það er niðurstaða mats þessa að skráning og birting slíkra hagsmuna geti falið í sér áhættu gagnvart hinum skráðu, enda hefur forsætisnefnd Reykjavíkurborgar borist athugasemdir þess efnis að efast sé um lögmæti slíkrar reglusetningar af hálfu fulltrúa þeirra sem munu teljast til hinna skráðu.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjórnar er þess óskað að Persónuvernd veiti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laga nr. 90/2018 og 36. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, enda hefur Reykjavíkurborg ekki tök á að grípa til frekari aðgerða til að takmarka áhættu, líkt og meðfylgjandi mat á áhrifum ber með sér, í ljósi óvissu af hálfu hinna skráðu um lögmæti fyrirhugaðra vinnsluaðgerða.

Um tilgang fyrirhugaðrar vinnslu og aðferðir við hana, sem og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til að vernda réttindi og frelsi hinna skráðu, er vísað til meðfylgjandi mats á áhrifum á persónuvernd.

Virðingarfyllst,

Dagbjört Hákonardóttir
persónuverndarfulltrúi

Afrit:

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Mat á áhrifum á persónuvernd, dags. 7. júní 2019

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Vísað er til bréfs skrifstofu borgarstjórnar til forsætisnefndar, dags. 29. maí sl., um sama efni. Þar kemur m.a. fram að gildandi reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar tóku gildi við samþykkt þeirra í borgarráði 29. október 2009. Í 5. gr. þeirra reglna kemur fram að yfirfara skuli þær og endurskoða eftir þörfum a.m.k. árlega. Forsætisnefnd hefur yfirfarið reglurnar árlega og á fundi forsætisnefndar 20. júlí sl. var ákveðið að hefja endurskoðun á reglunum.

Á fundi forsætisnefndar 31. maí sl. var samþykkt að óska eftir umsögn Persónuverndar um fyrirbyggjandi drög að endurskoðuðum reglum sem lagðar voru fram á fundinum. Það var álit persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar að það þyrfti að fara fram mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679 sbr. ákvæði 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 vegna endurskoðunarinnar. Í framhaldi af matinu var þess óskað að Persónuvernd veitti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laganna. Nánar um það vísast til erindi persónuverndarfulltrúa til Persónuverndar dags. 7. júní sl. og meðfylgjandi mats skrifstofu borgarstjórnar á áhrifum á persónuvernd.

Lagðar eru fram að nýju endurskoðaðar reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar ásamt erindi Reykjavíkurborgar til Persónuverndar. Gert hefur verið ráð fyrir því í fyrirbyggjandi drögum að forsætisnefnd geti vísað endurskoðuðum reglum til samþykktar borgarstjórnar en frestað gildistöku þeirra þar til niðurstaða fyrirframsamráðs við Persónuvernd liggur fyrir.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Forsætisnefnd

Endurskoðun reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar tóku gildi við samþykkt þeirra í borgarráði 29. október 2009. Í 5. gr. reglnanna kemur fram að yfirfara skuli reglurnar og endurskoða þær eftir þörfum a.m.k. árlega. Forsætisnefnd hefur yfirfarið reglurnar árlega og en ekki hefur verið tekin ákvörðun um endurskoðun fyrr en nú.

Tímabært var talið að fram færi endurskoðun á reglunum, samhliða endurskoðun á síðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Í fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðuðum reglum hefur ákvæðum um það til hverra reglurnar taka m.t.t. fjölgunar borgarfulltrúa og breytinga á kjörgengisskilyrðum í ráð og nefndir. Jafnframt hefur kafla um það hvaða fjárhagslega hagsmuni skal skrá og hvort heimilt er að skrá ítarlegri upplýsingar en þar kemur fram verið yfirfarinn Að öðru leyti hafa verið höfð til hliðsjónar nýlegar breytingar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna alþingismanna auk ábendinga fjármálaskrifstofu og innri endurskoðanda.

Samþykkt um framkvæmdastjórn Reykjavíkur er jafnframt í smíðum en þar verður að finna ákvæði um skráningu fjárhagslegra hagsmuna embættismanna í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 29. nóvember sl. Í samþykktinni er skilgreint hvaða embættismenn sitja í framkvæmdastjórn og gert ráð fyrir því að þeir skrái sömu fjárhagslegu hagsmuni og borgarfulltrúar. Jafnframt er gert ráð fyrir að sú skráning verði birt á sama hátt og hagsmunaskráning borgarfulltrúa og er það í samræmi við bókun borgarráðs þar sem tekið er fram að unnt er að líta til fyrirkomulags og útfærslu ríkisstjórnar Íslands á ákvörðun um hagsmunaskráningu fyrir aðstoðarmenn ráðherra og ráðuneytisstjóra.

Mælt er með því að forsætisnefnd vísi reglunum til staðfestingar borgarstjórnar að lokinni yfirferð sinni og væri heppilegt að samþykkja þær á fundi borgarstjórnar 18. júní nk. samhliða endurskoðuðum síðareglum fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Endurskoðaðar reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 7. júní 2019
R19060069

Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Ósk um fyrirframsamráð í kjölfar mats á áhrifum á persónuvernd

Af hálfu Reykjavíkurborgar hefur farið fram mat á áhrifum á persónuvernd samkvæmt 35. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar nr. 2016/679, sbr. 29. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar á reglum um skráningu fjárhagslegra hagsmuna borgarfulltrúa í Reykjavík.

Fyrir hönd skrifstofu borgarstjórnar er þess óskað að Persónuvernd veiti Reykjavíkurborg fyrirframsamráð í samræmi við ákvæði 30. gr. laga nr. 90/2018 og 36. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar, enda hefur Reykjavíkurborg ekki tók á að grípa til frekari aðgerða til að takmarka áhættu, líkt og meðfylgjandi mat á áhrifum ber með sér, í ljósi óvissu af hálfu hinna skráðu um lögmæti fyrirhugaðra vinnsluaðgerða.

Um tilgang fyrirhugaðrar vinnslu og aðferðir við hana, sem og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til að vernda réttindi og frelsi hinna skráðu, er vísað til meðfylgjandi mats á áhrifum á persónuvernd.

Virðingarfyllst,

Dagbjört Hákonardóttir
persónuverndarfulltrúi

Afrit:

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Mat á áhrifum á persónuvernd, dags. 7. júní 2019

Drög að endurskoðuðum reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar, dags. 7. júní 2019



MAT Á ÁHRIFUM Á PERSÓNUVERND

1. Kennsl borin á þörf fyrir mat á áhrifum á persónuvernd

Reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar hafa verið í gildi hjá Reykjavíkurborg síðan 29. október 2009. Í reglunum kemur fram að þær verði yfirfarnar og endurskoðaðar eftir þörfum a.m.k. árlega. Á fundi forsætisnefndar 20. júlí 2018 var samþykkt að hefja endurskoðun gildandi reglna.

Fyrirliggjandi drög að endurskoðuðum reglum byggja að meginstefnu til á gildandi reglum um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings sem samþykktar voru í forsætisnefnd Alþingis í janúar á þessu ári og settar voru með stoð í 1. mgr. 87. gr. þingskapa. Einnig hefur ákvæðum um það til hverra reglurnar taka m.t.t. fjölgunar borgarfulltrúa og breytinga á kjörgengisskilyrðum í ráð og nefndir verið breytt.

Í reglunum er gert ráð fyrir að allir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar skulu innan mánaðar frá því að borgarstjórn kemur saman eftir kosningar gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar. Þær upplýsingar eru settar í skrá sem fyrirhugað er að birta á vef Reykjavíkurborgar.

Á fundi forsætisnefndar 31. maí sl. var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 29. maí 2019, og drög að endurskoðuðum reglna um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörf utan borgarstjórnar. Nefndin samþykkti að óska eftir fyrirframsamráði við Persónuvernd að undangengnu mati á áhrifum á persónuvernd með hliðsjón af áhættu á réttindi og frelsi hinna skráðu í kjölfar framkominna athugasemda kjörins fulltrúa um að vafi gæti leikið á um lögmæti slíkra reglna með hliðsjón af persónuverndarlögum nr. 90/2018. Jafnframt megi færa fyrir því rök að skráning á fjárhagslegum hagsmunum kjörinna fulltrúa feli í sér skráningu á upplýsingum sem teljast persónulegs eðlis, sbr. kafli 1.2.3. leiðbeininga Persónuverndar vegna mats á áhrifum á persónuvernd¹ þrátt fyrir að slíkar upplýsingar teljist almennt ekki til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 3. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018. Fjárhagsupplýsingar tengjast þó heimilis- og einkalífi þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og ber að huga að réttindum og frelsi hinna skráðu þegar svo ber undir.

2. Lýsing á vinnslu

Í 4. gr. reglnanna kemur fram að borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar skulu skrá fjárhagslega hagsmuni sína þ.e. launuð störf og tekjumyndandi starfsemi, fjárhagslegan stuðning, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skulda, eignir, skuldir og samkomulag við fyrrverandi og verðandi vinnuveitanda (sjá nánar meðfylgjandi drög að reglunum).

Í 5. gr. reglnanna kemur fram að borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar skulu skrá upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórn málasamtök óháð því hvort þessi störf eru launuð eða ekki. Skrá skal nafn félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.

¹ 1. útgáfa, október 2018

Reglunum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg og trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar og þar með auka gagnsæi í störfum borgarstjórnar Reykjavíkur.

Skrifstofa borgarstjórnar skal halda skrá, og birta á vef Reykjavíkurborgar, um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa svo og um trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar. Skráin er byggð á upplýsingum sem borgarfulltrúar láta sjálfir í té og senda inn á rafrænan hátt. Innfærsla gagnanna felur í sér samþykki fyrir skráningu, að upplýsingarnar séu veittar eftir bestu samvisku og að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast.

Þegar nýjar upplýsingar eru skráðar eða eldri upplýsingum er breytt skulu áður skráðar upplýsingar um hagsmuni borgarfulltrúa geymdar í skjalasafni skrifstofu borgarstjórnar. Nýjar eða breyttar upplýsingar skulu vera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar innan sjö daga frá því að borgarfulltrúi hefur tilkynnt um skráningu þeirra. Upplýsingar skulu teknar úr birtingu á vef Reykjavíkurborgar þegar borgarfulltrúi lætur af störfum.

Vanræki borgarfulltrúi að skrá upplýsingar þessar skal erindum þess efnis beint til forsætisnefndar samkvæmt 8. gr. reglnanna. Þess skal getið að forsætisnefnd Reykjavíkurborgar hefur ekki valdheimildir til að taka ákvörðun um viðurlög af neinu tagi umfram áminningu, verði borgarfulltrúi ekki við ábendingum um hagsmunaskráningu. Skráning hagsmunanna fer ætíð fram á ábyrgð borgarfulltrúa og ber hann einn ábyrgð á því að veittar upplýsingar séu réttar.

3. Lögmati vinnslu og varðveisla upplýsinga

Skráningu á fjárhagslegum hagsmunum er ætlað að auka gagnsæi í störfum æðstu ráðamanna, kjörinna fulltrúa, dómara og embættismanna ríkis og sveitarfélaga. Markmiðið er að auka gagnsæi með allri stjórnarsýslu þannig að almenningur geti fylgst með og tryggt að farið sé að lögum og reglum. Þá er slík hagsmunaskráning talin efla traust almennings á æðstu valdastofnunum þjóðfélagsins og stjórnarsýslunni. Slík hagsmunaskráning tekur meðal annars til eigna og skulda, launaðra starfa óháð starfi viðkomandi fyrir sveitarfélagið, fjárhagslegs stuðnings og gjafa.

Hagsmunaskráning borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar hefur verið í gildi frá því í október 2009. Var skráningin tekin upp í kjölfar ábendinga frá Samtökum ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu (GRECO) sem hafa einnig á síðustu árum ítrekað sent ábendingar til íslenskra stjórnvalda um nauðsyn þess að útvíkka reglur um hagsmunaskráningu meðal annars gagnvart æðstu embættismönnum stjórnvalda.

Fyrirliggjandi tillaga að reglum byggja á gildandi reglum um skráningu um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings sem samþykktar voru í forsætisnefnd Alþingis í janúar á þessu ári. sem fyrir greinir. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar Íslands frá 8. maí 2018 ná þessar reglur einnig til ráðuneytisstjóra og aðstoðarmanna ráðherra.

Farið verður með öll gögn sem afhent verða í samræmi við reglurnar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn og verklagreglur Reykjavíkurborgar um vistun skjala.



Reykjavíkurborg mun fela skrifstofu borgarstjórnar að annast framkvæmd með framangreindnum vinnslum. Sé litið þeirra vinnsluheimilda sem gilda um lögmæti þeirra telur skrifstofa borgarstjórnar að byggja megi hagsmunaskráningu þessa annars vegar á samþykki hinna skráðu í þágu framangreindra markmiða, sbr. 1. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018 að virtum þeim skilyrðum sem fram koma í 10. gr. sömu laga. Þá telur skrifstofa borgarstjórnar jafnframt að hagsmunaskráning kjörinna fulltrúa teljist til verks sem nauðsynlegt er í þágu almannahagsmuna, sbr. 5. tl. 9. gr. sömu laga.

4. Lýsing á ráðstöfunum sem stuðla að réttindum hinna skráðu

Skrifstofa borgarstjórnar heldur í upphafi kjörtímabils námskeið fyrir kjörna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Fleiri námskeið eru haldin eftir þörfum. Þar er m.a. farið ítarlega yfir ákvæði reglna um hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa, réttindi þeirra og annað tengt störfum þeirra sem máli skiptir.

Skrifstofa borgarstjórnar ber ábyrgð á skráningunni, meðferð gagnanna og tekur við og afgreiðir beiðnir um leiðréttingu, uppfærslu og annað til samræmis við ákvæði III. kafla laga nr. 90/2018, sbr. 13. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Hinn skráði mun jafnframt fá fræðslu um að leita megi til persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar vegna vinnslunnar, sem og gert verður grein fyrir tilgangi skráningar hagsmuna með hliðsjón af aukningu gagnsæis í störfum borgarstjórnar Reykjavíkur líkt og greinir í 2. kafla mats þessa. Í fræðslu verður jafnframt gert grein fyrir viðeigandi vinnsluheimildum og birtingu upplýsinganna á vef Reykjavíkurborgar, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar

Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar munu hin skráðu verða upplýst um að hagsmunaskráning þeirra verði fjarlægð af vef Reykjavíkurborgar um leið og þau láta af störfum sem kjörnir fulltrúar, enda hefur birting slíkra upplýsinga ekki lengur þýðingu gagnvart almenningi. Hins vegar verður Reykjavíkurborg sem skilaskyldur aðili samkvæmt 4. tl. 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að afhenda Borgarskjalasafni afrit af hagsmunaskráningu til langtímavarðveislu í samræmi við ákvæði 13. laga nr. 77/2014, enda sé förgun slíkra skjala óheimil samkvæmt 24. gr. sömu laga.

Þó sé fyrir hendi réttur til að fara fram á það við Reykjavíkurborg að fá aðgang að persónuupplýsingum, láta leiðréttá þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu, auk réttarins til að flytja eigin gögn í samræmi við b-lið 2. mgr. 13. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þá eigi borgarfulltrúar jafnframt rétt á að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er, án þess þó að það hafi áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkisins fram að afturkölluninni. Loks verða borgarfulltrúar fræddir um rétt sinn til að leggja inn kvörtun hjá Persónuvernd vegna vinnslunnar.

5. Áhættumat

Að mati skrifstofu borgarstjórnar verður talið að vinnslur sem leiða má af reglum um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa megi almennt telja í samræmi við meginreglur 8. gr. laga nr.

90/2018 og heimfæra megi vinnslurnar undir 1. og 5. tl. 9. gr. laganna að því er vinnsluheimildir snertir, sem fyrr greinir.

Ekki verður talin þörf á sérstöku áhættumati að því er varðar tæknilega hluta vinnslunnar, t.d. vegna ólögmæts og/eða óleyfilegs aðgangs að upplýsingum sem verða til við vinnsluna, enda felst vinnsla persónuupplýsinganna í birtingu gagna sem kjörnir fulltrúar afhenda sjálfir á grundvelli upplýsts samþykkis sem birtar eru opinberlega. Í ljósi fram kominna athugasemda hinna skráðu, þ.e. borgarfulltrúa, telur skrifstofan þó rétt að meta með gagnrýnum hætti hvort gætt sé að fullu að meginreglum sem gilda skulu um alla vinnslu persónuupplýsinga sem áskildar eru í 8. gr. laga nr. 90/2018, sem og að heimfærslu til rétttra vinnsluheimilda 1. og 5. mgr. 9. gr. lagana. Hvað meginreglur persónuverndarlaga snertir koma þar helst til álita ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna um að persónuupplýsingar þær sem eru andlag vinnslu séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.



		Líkur				
Áhrif	Mjög lítil	Lítil	Meðal	Mikil	Mjög mikil	
	1	2	3	4	5	
Mjög lítil	1	2	3	4	5	6
Lítil	2	3	4	5	6	7
Mikil	3	4	5	6	7	8
Mjög mikil	4	5	6	7	8	9
Lýsing á uppruna, og eðli mögulegra áhættu og áhrifa á hina skráðu.						
	Áhrif	Líkur	Áhætta			
<i>Skortur á lögmæti vinnslu með hliðsjón af meginreglum persónuverndarlaga nr. 90/2018 og almennum reglum um heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. og 9. gr. persónuverndarlaga</i>	2	9	11			
Fullnægjandi heimild þarf að vera til staðar fyrir öflun og birtingu upplýsinga um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa. Áhættan er sú að heimild sé ekki fullnægjandi og borgarfulltrúi leggi inn kvörtun hjá Persónuvernd og/eða stefni Reykjavíkurborg vegna ólögmætrar vinnslu.						

6. Lágmarkun áhættu

Skrifstofa borgarstjórnar hefur lagt mat á þær aðgerðir sem tækar eru til að lágmarka hættu sem skapast vegna hugsanlegs skorts á lögmæti vinnslunnar m.t.t. meginreglna og vinnsluheimilda persónuverndarlaga. Með auknum ráðstöfunum á borð við ósk um upplýst samþykki fyrir vinnslu, sbr. 1. tl. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 10. gr. sömu laga, má finna vinnslunni sterkari lagastoð en ef aðeins væri vísað til almannahagsmuna, sbr. 5. tl. 9. gr. sömu laga. Að virtum tilgangi reglnanna og áhrifa þeirra á gagnsæi í stjórnsýslu gagnvart almenningi, verður talið að vinnslan feli ekki í sér áhættu gagnvart 1.-6. tl. 8. gr. laga nr. 90/2018. Að því virtu telur skrifstofa borgarstjórnar áhættu á skorti á lagastoð vinnslu takmarkaða. Eftir stendur að fulltrúar hinna skráðu telja verulega hættu á lagastoð skorti, og telja má fullvíst að kvartað verði til

eftirlitsyfirvaldsins komist hún til framkvæmda. Af hálfu Reykjavíkurborgar verður litið sem svo á að samráðsumleitan við Persónuvernd feli í sér takmörkun á áhættu á vinnslu persónuupplýsinga að þessu leyti.

Tillaga að ráðstöfun / aðgerð til lækkunar áhættu.	Áhrif á áhættu	Áhætta	Aðgerð samþykkt
<p><i>Skortur á lögmæti vinnslu með hliðsjón af meginreglum persónuverndarlaga nr. 90/2018 og almennum reglum um heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. og 9. gr. persónuverndarlaga</i></p> <p>Reykjavíkurborg leitast við að tryggja að fullnægjandi heimild standi til grundvallar upplýsingaöflun frá borgarfulltrúum áður en birting á sér stað, og óska eftir upplýstu samþykki frá borgarfulltrúa. Fyrirframsamráðs leitað gagnvart Persónuvernd.</p>	9	11	Fundur forsætisnefndar 31. maí 2019

7. Samráð við hlutaðeigandi aðila

Skráningin og vinnslan byggist á samþykkt þeirra sem undirgangast reglurnar. Leitað hefur verið ráðgjafar persónuverndarfulltrúa sem veitt hefur ráðgjöf þess efnis að mat á áhrifum á persónuvernd sé nauðsynlegur undanfari fyrirframsamráðs við Persónuvernd. Persónuverndarfulltrúi hefur komið því á framfæri við skrifstofu borgarstjórnar að ekki sé ástæða til að draga lögmæti fyrirhugðara vinnsluáðgerða í efa með hliðsjón af eðli og tilgangi vinnslunnar og fyrirbyggjandi draga að reglum um hagsmunaskráningu borgarfulltrúa. Þó er það mat persónuverndarfulltrúa að ef verulegur vafi liggur fyrir um lögmæti vinnslunnar að virtum meginreglum 8. gr. laga nr. 90/2018 sem og vegna heimfærslu til vinnsluheimilda skv. 1. og 5. mgr. 9. gr. sömu laga af hálfu hinna skráðu, sé rétt að leita fyrirframsamráðs við Persónuvernd. Telja megi hættu á kvörtun til eftirlitsyfirvaldsins, þ.e. Persónuverndar, til sérstaks áhættuþáttar við framangreint mat sem út af fyrir sig geti skapað þörf á fyrirframsamráði svo sátt megi ríkja um reglusetninguna.


8. Niðurstaða mats

Skrifstofa borgarstjórnar hefur lagt mat á vinnsluáðgerðir sínar í tengslum við hagsmunaskráningu kjörinna fulltrúa, sem samþykkt var.



Það er niðurstaða framangreinds mats á persónuvernd að skrifstofa borgarstjórnar hafi ekki tök á að grípa til frekari ráðstafana til að takmarka þá áhættu sem skapast af hugsanlegum skorti á lagastoð vinnslunnar með hliðsjón af meginreglum 8. gr. laga nr. 90/2018, svo og óvissu um hvort vinnsluheimildir 1. og 5. mgr. 9. gr. sömu laga geti átt við um framangreindar vinnslur, sé litið til skilyrða almennu persónuverndarreglugerðarinnar um skilyrði upplýsts samþykkis hins skráða og hvort unnt sé að leggja vernd almannahagsmuna til grundvallar. Því sér skrifstofa borgarstjórnar ástæðu til að leita fyrirframssamráðs Persónuverndar vegna hagsmunaskráningar borgarfulltrúa samkvæmt því sem að framan greinir.

Reykjavík, 7. júní 2019



Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Reglur um skráningu

á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa

og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar

1. gr. Tilgangur.

Reglum þessum er ætlað að veita almenningi upplýsingar um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg og trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar og þar með auka gagnsæi í störfum borgarstjórnar Reykjavíkur.

2. gr. Skylda til þess að skrá upplýsingar.

Borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar (hér eftir borgarfulltrúar) skulu innan mánaðar frá því að borgarstjórn kemur saman eftir kosningar gera opinberlega grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar.

Borgarfulltrúar skulu viðhalda skráningu sinni jafnóðum(?) með því að skrá nýjar upplýsingar og viðbótarupplýsingar innan mánaðar frá því að þær liggja fyrir.

3. gr. Skrá um fjárhagslega hagsmuni og trúnaðarstörf.

Skrifstofa borgarstjórnar skal halda skrá, og birta á vef Reykjavíkurborgar, um fjárhagslega hagsmuni borgarfulltrúa svo og um trúnaðarstörf þeirra utan borgarstjórnar.

Skráin er byggð á upplýsingum sem borgarfulltrúar láta sjálfir í té og senda inn á rafrænan hátt. Innfærslan felur í sér staðfestingu á skráðum upplýsingum og að nýjar upplýsingar verði færðar inn eftir því sem aðstæður breytast.

Við skráningu upplýsinga skal fylgja að fullu fyrirmælum þessara reglna. Ekki er heimilt að taka inn í skrána upplýsingar sem falla utan reglnanna.

4. gr. Fjárhagslegir hagsmunir.

Eftirfarandi fjárhagslegir hagsmunir skulu skráðir:

1. Launuð störf og tekjumyndandi starfsemi.

a. Launuð stjórnarseta í einkareknum eða opinberum félögum. Staða og félag skulu skráð.

b. Launað starf eða verkefni (annað en launað starf sem borgarfulltrúi). Starfsheiti og nafn vinnuveitanda eða verkkaupa skulu skráð.

c. Starfsemi sem er rekin samhliða starfi borgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg og er tekjumyndandi fyrir hann eða félag sem hann á sjálfur eða er meðeigandi í. Tegund starfsemi skal skráð.

2. Fjárhagslegur stuðningur, gjafir, utanlandsferðir og eftirgjöf eftirstöðva skuldar.

a. Fjárframlag eða annar fjárhagslegur stuðningur frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum, þar á meðal stuðningur í formi skrifstofuáðstöðu eða hliðstæðrar þjónustu, sem fellur utan þess stuðnings sem Reykjavíkurborg eða stjórnmalasamtök kjörins fulltrúa lætur í té, og verðgildi stuðnings nemur meira en 50 þús. kr. á ári. Enn fremur skal skráður fjárhagslegur stuðningur í formi afsláttar af markaðsverði og annars konar ívilnunar að verðmæti meira en 50 þús. kr. sem ætla má að sé veittur vegna stöðu borgarfulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Skráð skal hver veitir stuðninginn og hvers eðlis hann er.

b. Gjöf frá innlendum og erlendum lögaðilum og einstaklingum þegar áætla verður verðmæti hennar yfir 50 þús. kr. og að gjöfin sé veitt vegna stöðu kjörins fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Skrá skal nafn þess sem gefur, tilefni gjafar, hvers kyns hún er og hvenær hún er látin í té.

c. Ferðir og heimsóknir innan lands og utan sem geta tengst stöðu borgarfulltrúa g útgjöldin eru ekki að öllu leyti greidd af Reykjavíkurborg, stjórnmalasamtökum borgarfulltrúans eða honum sjálfum. Skrá skal hver stóð undir útgjöldum ferðar, tímabil hennar og heiti áfangastaða.

d. Eftirgjöf eftirstöðva skuldar og ívilnandi breytingar á skilmálum sammings við lánardrottinn. Skrá skal lánardrottinn og eðli sammingsins.

3. Eignir.

a. Fasteign sem er að einum þriðja eða meira í eigu borgarfulltrúa eða félags sem hann á fjórðungshlut í eða meira, annað en húsnæði til eigin nota fyrir borgarfulltrúa og fjölskyldu hans og lóðarréttindi undir slíkt húsnæði. Skrá skal heiti landareignar og staðsetningu fasteignar.

b. Heiti félags eða sparisjóðs sem borgarfulltrúi á hlut í og fer yfir einhver eftirtalinna viðmiða:

1. Verðmæti hlutar nemur að markaðsvirði meira en 1 milljón króna miðað við 31. desember ár hvert.

2. Hluttur nemur 1% eða meira í félagi eða sparisjóði þar sem eignir í árslok eru 230 milljónir króna eða meira eða rekstrartekjur 460 milljóna króna eða meira.

3. Hluttur nemur 25% eða meira af hlutafé eða stofnfé félags eða sparisjóðs.

c. Heiti sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sbr. 3. gr. laga nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, sem kjörinn fulltrúi á hlut í og fer yfir einhver þeirra viðmiða sem talin eru í b-lið.

4. Skuldir.

d. Skrá skal skuldir, sjálfskuldarábyrgðir og aðrar ábyrgðir, sem tengdar eru rekstri fasteignar eða atvinnurekstri félaga, sparisjóða eða sjálfseignarstofnana, sbr. 3. tölul. Ekki skal skrá fjárhæð skuldar eða skuldir eða ábyrgðir sem stofnað er til í öðrum tilgangi, svo sem vegna kaupa á íbúðarhúsnæði til eigin nota eða bifreið til eigin nota, námslána eða annarra ráðstafana sem ekki tengjast atvinnurekstri. Jafnframt skal skrá tegund skuldar eða ábyrgðar og skuldareiganda.

5. Samkomulag við fyrrverandi eða verðandi vinnuveitanda.

a. Samkomulag við fyrrverandi vinnuveitanda sem er fjárhagslegs eðlis, þar á meðal samkomulag um orlof, launalaust leyfi, áframhaldandi launagreiðslur eða fríðindi, lífeyrisréttindi og ámóta meðan setið er í borgarstjórn. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

b. Samkomulag við framtíðarvinnuveitanda um ráðningu, óháð því að ráðningin taki fyrst gildi eftir að kjörinn fulltrúi hverfur af vettvangi borgarstjórnar. Skrá skal gerð samkomulags og nafn vinnuveitanda.

Ekki skal skrá fjárhæð eða verðgildi þeirra þátta sem tilgreindir eru.

5. gr. Trúnaðarstörf utan borgarstjórnar.

Skráðar skulu upplýsingar um stjórnarsetu og önnur trúnaðarstörf fyrir hagsmunasamtök, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félög önnur en stjórnmalasamtök óháð því hvort þessi störf eru launuð eða ekki. Skrá skal nafn félags, hagsmunasamtaka, stofnunar eða sveitarfélags og eðli trúnaðarstarfs.

6. gr. Skráning upplýsinga.

Borgarfulltrúar skrá upplýsingar á rafrænan hátt innan mánaðar frá því að nýkjörin borgarstjórn tekur sæti. Skráningarblað sem notað er skal staðfest af forsætisnefnd.

Nýjar upplýsingar skv. 4. og 5. gr., þar með taldar upplýsingar um nýfengna hluti í félögum eða breytingar á áður skráðum upplýsingum, skulu skráðar innan mánaðar eftir að upplýsingarnar liggja fyrir.

Þegar nýjar upplýsingar eru skráðar eða eldri upplýsingum er breytt skulu áður skráðar upplýsingar um hagsmuni borgarfulltrúa geymdar í skjalasafni skrifstofu borgarstjórnar. Nýjar eða breyttar upplýsingar skulu vera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar innan 7 daga frá því að borgarfulltrúi hefur tilkynnt um skráningu þeirra. Upplýsingar skulu teknar úr birtingu á vef Reykjavíkurborgar þegar borgarfulltrúi lætur af störfum.

Skráning að loknum borgarstjórnarkosningum skal vera aðgengileg almenningi á vef Reykjavíkurborgar innan sjö virkra daga eftir að skráningarfræstur rennur út.

7. gr. Skrifstofa borgarstjórnar.

Skrifstofa borgarstjórnar útbýr og sendir borgarfulltrúum leiðbeiningar um framkvæmd skráningarinnar, auk þess að veita almennar leiðbeiningar eftir því sem tilefni er til með aðkomu fjármálaskrifstofu, innri endurskoðanda og regluvarðar ef nauðsyn krefur.

Við upphaf kjörtímabils og við lok þess frests sem borgarfulltrúar hafa til þess að skrá hagsmuni sína, sbr. 1. mgr. 2. gr., skal skrifstofa borgarstjórnar vekja athygli borgarfulltrúa, á skyldu til þess að skrá hagsmuni sína og að viðhalda skránni samkvæmt reglum þessum.

Skrifstofa borgarstjórnar skal minna borgarfulltrúa á skyldu til þess að skrá hagsmuni sína og viðhalda skráningu þeirra samkvæmt reglum þessum. Skal skrifstofan senda þeim sem reglurnar taka til tilkynningu þess efnis í janúar og júní ár hvert og þegar tilefni er til samkvæmt ákvörðun skrifstofustjóra borgarstjórnar.

Verkefnisstjóri á skrifstofu borgarstjórnar hefur umsjón með skráningunni og veitir aðstoð eftir því sem þörf er á.

8. gr. *Eftirfylgni.*

Borgarfulltrúar bera einir ábyrgð á skráningu fjárhagslegra hagsmuna sinna og trúnaðarstarfa utan borgarstjórnar.

Fái skrifstofa borgarstjórnar ábendingu um að borgarfulltrúi hafi vanrækt að skrá hagsmuni sína réttilega eða að hann hafi ekki haldið skráningu þeirra við skal skrifstofan gera honum viðvart um slíkt.

Erindi vegna meintrar vanrækslu borgarfulltrúa á að skrá hagsmuni sína samkvæmt reglum þessum skal beint til forsætisnefndar.

9. gr. *Endurskoðun fjárhæða.*

Forsætisnefnd skal við lok kjörtímabils borgarstjórnar leggja mat á hvort tilefni sé til að endurskoða viðmiðunarfjárhæðir í reglum þessum.

10. gr. *Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar, sem eru settar með vísan til 36. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar koma í stað reglna frá 29. október 2009 skráningu á fjárhagslegum hagsmunum borgarfulltrúa og trúnaðarstörfum utan borgarstjórnar og taka þegar gildi.

(Samþykkt í forsætisnefnd/borgarstjórn X. X 2019.)

